

Skólaráðsfundur 15. mars 2023.

Mættir: Anna, skólastjóri, Helga Guðrún, fulltrúi kennara, Erla María, fulltrúi kennara, Inga Hrönn, fulltrúi foreldra, Líney, fulltrúi foreldra og Bryngeir Arnar, fulltrúi grenndarsamfélags.

Skóladagatal.

Farið yfir skóladagatal skólaársins 2023-2024 og það samþykkt án athugasemda frá skólaráði. Dagatalið var samþykkt á kennarafundi 7. mars sl.

Fjölgun nemenda og staðan í starfsmannamálum.

Nemendum Hamraskóla mun fjölga næsta skólaár. 16 nemendur útskrifast frá skólanum í vor og nú þegar hafa 35 umsóknir borist um skólavist í 1. bekk.

Lausar kennarastöður verða auglýstar um mánaðarmótin mars/ apríl. Útlit fyrir að það vanti í 3 kennarastöður á miðstigi auk smíða- og heimilisfræðikennara í 50% stöður.

Meðalaldur kennara við Hamraskóla er frekar hár og lítil starfsmannavelta hefur verið í langan tíma. Talsverð endurnýjun er fram undan í kennarahópnum þar sem margir kennarar eru að fara á eftirlaun eða minnka við sig kennslu næstu árin. Ræddar voru áhyggjur af því að ekki væri nægilegt framboð af kennurum næstu árin til að fylla í allar þær stöður sem losna í skólum borgarinnar.

Staða á húsnæði og framkvæmdum.

Framkvæmdir sem staðið hafa yfir síðustu ár í skólanum eru nú á lokametrinum. Nýtt loftræstikerfi er komið í skólann og fara næstu vikur í að stilla það. Búið er að skipta út loftplötum í nær öllu húsnæðinu og nýjar settar með betri hljóðeinangrun. Samhliða þeirri framkvæmd var skipt um lýsingu í nær öllum rýmum. Skólinn var einnig málaður.

Kaffistofa starfsmanna er þó eftir og klárast vonandi í sumar.

Engin mygla hefur fundist í skólanum þó hennar hafi ekki verið markvisst leitað en þar sem framkvæmdirnar voru, var enga myglu að finna.

Önnur mál.

Rætt var um hvort sýnilegar breytingar hefðu orðið á nemendum og skólastarfi eftir Covid-faraldurinn. Meira er um veikindi á börnum og einnig starfsmönnum, skólaforðun hefur aukist hjá nemendum, meira um vanlíðan og kvíða hjá börnum allt niður á yngsta stig.

Rætt um síma/tölvunotkun nemenda og áhrif þess á líðan.

Sagt var frá fundum sem verða í hverfum borgarinnar á næstunni en Heimili og skóli og Reykjavíkurborg standa fyrir þeim fundum. Áherslan er á bætt og skilvirkara samstarf milli heimila og skóla.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 09.50.

Anna Bergsdóttir ritaði fundargerð.

